

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um löggæslukostnað í tengslum við skemmtanahald.

Frá Teiti Birni Einarssyni.

- Telur ráðherra tilefni til þess að setja samræmda gjaldskrá fyrir öll lögregluembætti þar sem kveðið er nánar á um innheimtu löggæslukostnaðar við skemmtanahald?
- Hvernig er samræmi tryggt nú á milli níu lögregluembættanna þannig að um sambærilegar skemmtanir og atburði gildi sömu reglur og kostnaður innheimtur með sambærilegum hætti?
- Hvernig er eftirliti háttáð með lögregluembættum svo að tryggt sé að samráð sé haft við umsækjendur, meðalhófs gætt og aðilum ekki íþyngt með kostnaði umfram það sem eðlilegt getur talist?
- Hvaða kostnaður hefur verið innheimtur, sundurliðað eftir lögregluembættum og viðburðum, við löggæslu skemmtana (samkvæmt tækifærisleyfi) sl. þrjú ár?
- Hvaða kostnaður hefur fallið til við löggæslu einstakra skemmtana til viðbótar við sundurliðun skv. 4. tölul., hvaða hluti hans er innheimtur og hvernig er hann sundurliðaður eftir eftirfarandi útgjöldum:
 - laun lögreglumanna að teknu tilliti til launatengdra gjalda,
 - dagpeningar lögreglumanna meðan á löggæslu stendur,
 - kostnaður sem fellur til vegna aksturs um skemmtanasvæði,
 - kostnaður vegna uppsetningar nauðsynlegs tækjabúnaðar, svo sem fjarskiptakerfa eða síma- og tölvubúnaðar,
 - kostnaður vegna uppsetningar nauðsynlegrar vinnuástöðu fyrir lögreglu, svo sem skúra eða annarra vistarvera?

Skriflegt svar óskast.